

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra vegna stækkunar á verslunar- og þjónustusvæði VP9, Tindasel 1 og 2.

Skipulagsstofnun staðfesti 13. febrúar 2025 breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016-2028 sem samþykkt var í sveitarstjórn 11. desember 2024.

Í breytingunni felst að verslunar- og þjónustusvæði VP9 er stækkað úr 2 hekturum í 12,7 hektara. Áætluð er uppbygging á hóteli með gistingu fyrir allt að 200 manns ásamt afþreyingarþjónustu s.s. heilsulind. Heildarbyggingarmagn er allt að 5.000 m².

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 13. febrúar 2025.

Ólafur Árnason.

B-deild – Útgáfudagur: 27. febrúar 2025